



Samgöngustefna Menntaskólans að Laugarvatni

Markmið

Markmið samgöngustefnu Menntaskólans að Laugarvatni er að stuðla að því að starfsfólk og nemendur skólans noti hagkvæman, vistvænan og heilsusamlegan ferðamáta í anda sjálfbærni og í samræmi við þátttöku skólans í verkefni Heilsueflandi skóla, starf hans við Græn skref og í takt við umhverfisstefnu skólans. Menntaskólinn að Laugarvatni vill sýna gott fordæmi og efla vitund fólks um vistvænar samgöngur.

Leiðir að markmiðunum

- Þegar pantaðir eru leigubílar eða hópferðabílar á vegum Menntaskólans að Laugarvatni skal biðja um vistvæna bíla ef þess er nokkur kostur.
- Upplýsingar um göngu- og hjólaleiðir í nágrenni skólans verða kynntar nemendum og starfsfólki. Eins verður „korterskort“ staðarins til kynningar.
- Við skólann eru stæði fyrir reiðhjól og eru þau ætluð bæði nemendum og starfsfólki.
- Í Menntaskólanum að Laugarvatni verður staðið fyrir reglulegri fræðslu í því skyni að efla vitund nemenda og starfsfólks um vistvænar samgöngur og hvetja þá til að taka tillit til umhverfisins við val á samgöngumáta til og frá skóla og vinnu. Fræðsla um þetta til nemenda fer með reglubundnum hætti fram í umhverfisfræðiafanga skólans á fyrsta ári.
- Skólinn hefur yfir að ráða aðstöðu sem þeir sem nota vistvænan samgöngumáta sem hentar eftir útivist og hreyfinga (aðstaða til fataskipta og hleðslustöð fyrir ökutæki, þar sem það hentar).